Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um sveitfesti Þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi í Skaptafellssýslu, dags. 6. f. m., er áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. jan. þ. á., viðvíkjandi sveitfesti Einars nokkurs Sigurðssonar á Lambleiksstöðum, og jafnframt fylgdu nefndu brjefi yðar einnig önnur skjöl máls þessa, er þjer höfðuð haft fyrir yður, er þjer upp kváðuð úrskurðinn. **106** 19. okt.

Með því að jeg nú verð að vera yður samdóma um, að það verði að álítast sannað með skjölum þeim, er fram eru komin í málinu, að ofannefndur Einar Sigurðsson hafi krossmessuárið 1875–76 átt lögheimili á Sljettaleiti í Borgarhafnarhreppi, og að hann þannig eigi hafi verið búinn að ávinna sjer framfærslurjett í Mýrahreppi, eins og haldið hefir verið fram af áfrýjandanum með 10 ára dvöl þar, þegar hann árið 1885 varð þar aðnjótandi sveitarstyrks, þá staðfestist hjer með ofannefndur úrskurður yðar, sem ákveður, að Einar eigi framfæri á fæðingarhrepp hans Borgarhafnarhreppi, og eruð þjer beðinn að tilkynna hlutaðeigendum málalok þessi.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu* **um að aðstoða prest til að útvega sjer ábúðarjörð.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður sent hingað erindi prestsins í Fjallaþingum sjera Hannesar L. Þorsteinssonar, þar sem hann fer þess á leit við prófastinn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi og sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, að þeir samkvæmt konungsbrjefi 18. apríl 1761 útvegi sjer ábúðarjörð. Hafið þjer í nefndu brjefi yðar gjört þá fyrirspurn, hvort unnt muni vera, að verða við beiðni prestsins. **107** 20. okt.

Eptir að jeg hef nú leitað álits stiptsyfirvaldanna um málið, skal yður hjer með tilkynnt, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að með því að ætla má, að hið tilvitnaða konungsbrjef enn sje í fullu gildi, ber yður ásamt hjeraðsprófastinum og tveimur valinkunnum mönnum á þann hátt, sem ákveðið er í nefndu konungsbrjefi, að gjöra það sem í yðar valdi stendur til að útvega nefndum presti ábúðarjörð í sóknum hans.

Brjef landshöfðingja *til biskupsins* **um breytingu á sóknaskipun í 2 prestaköllum.** – Samkvæmt ályktun hjeraðsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi 15. þ. m., vil jeg hjer með með skírskotun til 4. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, fallast á, að bæirnir Lúnansholt og Holtsmúli, sem nú eru í Marteinstungusókn, og bæirnir Tjörfastaðir og Bjalli, sem nú eru í Árbæjarsókn, eigi framvegis kirkju að Skarði, og greiði þangað öll lögboðin kirkjugjöld; þó skal Árbæjarkirkja halda þeim hluta óskertum af sjóði Stóruvallakirkju, er henni bar samkvæmt landshöfðingjabrjefi 11. maí 1886. **108** 20. okt.

Þetta tilkynni jeg yður, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.